

27. október 2011 kl. 18:30

Mættir: Hilmar, Sigurbjörn, Falur, Sigurbjörg, Guðný, Hjörðís og Júlíus. Guðmundu boðaði forföll.

1. AMÍ

Rætt um Amí á næsta ári í Reykjaneshábæ. Lagðir fram punktar vegna AMÍ sem verða teknir fyrir á næsta ÍRB fundi. Aldursflokkameistaramótið er ekki opnið móti og því þarf að aðgreina betur gesti frá þátttakendum. Þá væri gaman að fá meiri spennu í boðsundið með nýrri röðun í riðla. Þá þarf að huga að tímasetningum á mótinu.

2. Motus

Farið yfir tilboð frá Motus, innheimtufyrirtæki. Ákveðið að bíða með að taka tilboðinu þar sem vel hefur gengið að innheimta æfingargjöld þetta sundárið.

3. Rætt um stöðu deildarinnar

Stefnr í að rekstur deildarinnar verði í jafnvægi á þessu ári. Skipting á milli deildanna núna er um 60% Keflavík og 40% er Umfn megin. Ganga þarf frá greiðslum til Sundráðs ÍRB.

4. Rætt um að sameina hópa

Verðum að huga að því að sameina hópa í ákveðnum laugum þar sem fáir eru.

5. Mót

Rætt um val á móturnum. Hvaða móti henta yngstu sundmönnunum okkar. Spurning hvort að Stórmót SH sé of stórt fyrir yngstu sundmennina.

6. Fjáraflanir

Kleinubakstur vegna ÍM25 verður í nóvember. Stjórn Keflavíkur harmar það að starfsmenn Reykjaneshæjar fari einnig á sama tíma í kleinusölu vegna vísindarferðar starfsmanna. Nú þegar erfitt hefur verið að sækja styrki og annað til Reykjaneshæjar og hvatagreiðslum hefur verið hætt þá hvetur stjórn sunddeildar Keflavíkur starfsmenn Reykjaneshæjar að sækja ekki inn á þann litla markað sem íþróttamenn hafa til sölu til styrktar íþróttferðum.

7. Lottó

Rætt um að reyna að fá annaðhvort getraunanúmer eða lottósjálfsala í Vatnaveröld. Guðný skoðar málið.

8. Landsbankamótið

Lítur út fyrir að Landsbankamótið verði alþjóðlegt móti þar sem sundmenn geta náð lágmörkum á Ólympíuleikana. Mikilvægt að auglýsa vel og reyna að fá erlenda sundmenn á mótið.

Fleiri ekki gert og fundi slitið 19:45

Fundargerð ritaði Sigurbjörg Róbertsdóttir